

# 1. maí 2024, Frá konu í starfsendurhæfingu

Vaknar upp og manst að velta þarf vísa.

Yfirdráttur hækkaður,

húsnæðiskrísá.

Kaffidósinn að tæmast –

fer að teljast til munaðar,

núðlur í matinn strax í upphafi mánaðar.

Hvert á að mæta til að skila baslinu?

Hvar er hægt að segja upp öllu draslinu?

Vinn og vinn en hef ekki efni á lífinu,

Ekki frekar en nokkur önnur einstæð –

Með skúringar að atvinnu.

Er það nokkur furða að kona fari í þrot?

Gefist upp eftir lífsins brot?

En sjáðu!

Það þarf að hafa efni á veikindum

Bíða í átta vikur eftir tíma hjá læknum

Því skila þarf fjölmörgum vottorðum

Til sannanna um að þú getir ekki lengur lyft þveglinum.

Óralöng bið eftir úrræði í kerfinu.

Endar hjá Virk í starfsendurhæfingu

„en sjáðu til! Við sjáum ekki um framfærslu

Tryggingastofnun tekur sex vikur í afgreiðslu

Þar til máttu lifa á loftinu!“

Mætir á baráttufund haldandi á flagginu.

Berst fyrir auknum úrbætum í kerfinu,

Því þótt þú haldir áfram garginu

Er staðreyndin sú að brátt hefurðu ekki efni á loftinu.

Sárast er þó að 2024 stöndum við enn í sama harkinu!

- ÓMB 1.5-24